

*Fréttabréf Möðruvallaklausturssóknar
janúar – júní 2008*

Helgihald í Möðruvallaklausturssókn frá áramótum að hvítasunnu 2008:

20. janúar

Fjölskylduguðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 11:00

Mikil gleði – mikill söngur

Allir velkomnir

10. febrúar

Messa í Möðruvallakirkju kl. 14:00

Messukaffi í Leikhúsinu á eftir

Allir velkomnir

17. febrúar

Fjölskylduguðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 11:00

Mikil gleði – mikill söngur

Allir velkomnir

9. mars

Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar

Fjölskylduguðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 11:00

Börn og unglingar taka þátt í guðsþjónustunni

Söngvar fyrir alla fjölskylduna

Allir velkomnir

21. mars Föstudagurinn langi

Lestur Passíusálma í samvinnu við Leikfélag Hörgdæla í

Möðruvallakirkju kl. 13:00

23. mars Páskadagur

Hátíðaguðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 14:00

Kirkjukaffi í Leikhúsinu

Allir velkomnir

24. mars Annar páskadagur

Hátíðaguðsþjónusta í Bægisárkirkju kl. 11:00

6. apríl

Fjölskylduguðsþjónusta í Glæsibæjarkirkju kl. 11:00

Mikil gleði – mikill söngur

Allir velkomnir

12. apríl

Ferming í Bakkakirkju kl. 11:00

20. apríl

Guðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 11:00

Ath. vel tímasetninguna

Messukaffi í Leikhúsinu á eftir

Allir velkomnir

1. maí Uppstigningardagur – Dagur aldraðra

Guðsþjónusta í Möðruvallakirkju kl. 14:00

Messukaffi í Leikhúsinu á eftir

Allir velkomnir

11. maí Hvítasunnudagur

Ferming í Glæsibæjarkirkju kl. 11:00

11. maí Hvítasunnudagur

Ferming í Möðruvallakirkju kl. 13:00

Fréttabréf Möðruvallaklausturssóknar janúar – júní 2008

Frá kirkjukórnum

Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls er kirkjukór fyrir allt prestakallið. Æfingar eru einu sinni í viku á þriðjudagskvöldum kl. 20:30. Síðast liðið haust fór kórinn í tónleikaferð til Vestmannaeyja ásamt Samkór Svarfdæla. Tókst sú ferð í alla staði mjög vel. Kórinn syngur við allar almennar messur í prestakallinu, við fermingar og á aðventukvöldum. Auk þess hefur kórinn sungið á sjúkrahúsum og öldrunarheimilum. Góð stemmning ríkir í kórnum, en gaman væri ef enn fleiri bættust í hópinn. Organisti og kórstjóri er **Helga Bryndís Magnúsdóttir**.

Aðalfundur kórsins var haldinn þriðjudagskvöldið 15. janúar og eru nú í stjórn kórsins, Lilja Gísladóttir, Hjalti Páll Þórarinsson og Þórður Steindórsson.

Barna- og æskulýðsstarf

Mjög gott samstarf er við Þelamerkuskóla eins og áður varðandi barna- og æskulýðsstarf.

Kirkjuskóli fyrir 1.-2. bekk og 3.- 4. bekk svo og TTT- starf fyrir 5.-6. bekk. Fermingarstörfín eru nú utan skólatíma á fimmtudögum og í Leikhúsinu eftir fjölskylduguðsþjónustur.

Æskulýðsstarf fyrir 9.-10. bekk er í formi umræðukvölda um lífið og tilveruna, en mest áhersla er lögð á forvarnarstarf.

Er það eitt kvöld í mánuði og fer nú fram í Leikhúsinu.

Í öllu þessu starfi er leitast við að mæta börnunum og þeim spurningum sem þau eru að velta fyrir sér um kirkjuna og trúmál.

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir

Viðtalstímar eftir samkomulagi

Sími 462 1963 GSM 898 4640

Netfang: srslara@ismennt.is

Gleðilegt nýtt ár kæru sveitungar og vinir og hjartans þakkir fyrir allar góðu samverustundirnar okkar á nýliðnu ári.

Möðruvallakirkja er nú orðin sóknarkirkja alls prestakallsins, en messað verður á öðrum kirkjum sóknarinnar eftir þörfum og óskum sóknarbarna. Auk þess verða fermingar, hjónavígslur, skírnir og greftranir í öllum kirkjunum eftir óskum.

Yfirskrift vetrarins er: Aukið samstarf – inn á við og út á við. Því munum við leggja áherslu á að vinna saman, bæði innan prestakallsins og prófastsdæmisins.

Af nýbreytni í starfi kirkjunnar okkar vil ég helst nefna starf fyrir syrgjendur, sem fram mun fara í Leikhúsinu. Hefst það með erindi um sorgina 7. febrúar. Þá gefst fólki kostur á að skrá sig í lokaðan sorgarhóp, sem hefst mánudaginn 11. febrúar og mun verða í átta mánudaga í röð.

Nýtt ár hefur í för með sér ný fyrirheiti og vil ég hvetja okkur öll til að sækja guðsþjónustur vel á komandi mánuðum og njóta þeirrar blessunar sem samfélagið í kirkjunni gefur okkur öllum.

*Með ósk um Guðs blessun
Solveig Lára, Möðruvöllum*